




Samkeppni og fjarskiptaeftirlit á norrænum farsímamörkuðum

Útdráttur úr samnorrænni skýrslu eftirlitsstofnanna á fjarskiptamarkaði


Á sameiginlegum fundi forstjóra systurstofnanna Póst og fjarskiptastofnunar á Norðurlöndunum þann 7. nóvember sl. var ákveðið að setja á stofn vinnuhóp til að bera saman farsímamarkaðina á Norðurlöndunum. Meginmarkmið verkefnisins var kanna áhrif reglugerða á markaðsþróun og samkeppni á farsímamörkuðum í þeim tilgangi að meta reynsluna og árangur eftir löndum.

Hvað varðar íslenska markaðinn þá eru megin niðurstöður þær að hann einkennist af fákeppni, þar sem tvö fjarskiptafyrirtæki skipta markaðnum á milli sín og hefur Síminn 65% markaðshlutdeild og Og Vodafone hefur 35% markaðshlutdeild. Á öðrum Norðurlöndum hafa fleiri farsímafyrirtæki fest rætur á viðkomandi markaði (Mynd 1). Einnig hafa sjálfstæð þjónustufyrirtæki sem selja GSM þjónustu og nýta til þess fjarskiptanet stærri farsímafyrirtækja gegnt mikilvægu hlutverki við að efla samkeppni þar.



Mynd 1: Fjöldi farsímafyrirtækja (netrekendur og þjónustufyrirtæki).


Verð til neytenda hefur hækkað hérlandis frá 2002 á meðan það hefur lækkað í hinum norðurlöndum (Mynd 2).



Mynd 2: Meðalnotkun farsíma árin 2002 til 2006 á Norðurlöndunum.



Á sama tíma hefur notkun farsímaþjónustu, mæld í fjölda mínúta á viðskiptavin, hérlandis staðið í stað á meðan hún hefur heldur aukist í hinum Norðurlöndunum (Mynd 3).



Mynd 3: Notkun farsíma mæld í fjölda mínútna á viðskiptavin á ári.

Þessi staða er áhyggjuefni. Viðbrögð Póst- og fjarskiptastofnunar eru þau helst að hlutast til um lækkingu og jöfnun lúkningaverða farsímafyrirtækjanna og hins vegar að leggja aðgangskvöð á Símann til að auðvelda nýjum þjónustuaðilum leið inn á markaðinn. Þessar aðgerðir birtast í niðurstöðu markaðsgreininga fyrir farsíma markaðina, sem nú liggja fyrir. Á grundvelli fjarskiptalaga er eftirlitsstofnunum í Evrópu og á Evrópska efnahagssvæðinu gert skylt að markaðsgreina fyrirfram m.a. skilgreinda farsíma markaði og leggja kvaðir á þau fyrirtæki sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk til að efla samkeppi. Þessir farsíma markaðir eru:

- Heildsölumarkaður fyrir aðgang og upphaf símtala í farsímanetum, og
- Heildsölumarkaður fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum.

Bornar eru saman í skýrslunni niðurstöður markaðsgreiningar og aðgerðir eftirlitsstofnanna á ofangreindum mörkuðum eftir löndum bæði fyrir og eftir að nýju fjarskiptalögin frá 2003 tóku gildi.

Á Íslandi eru starfandi tvö farsímanet sem veita farsímaþjónustu á landsvísu líkt og í Noregi en þau eru fleiri á hinum Norðurlöndunum. Tvíkeppni hefur verið ríkandi markaðsform hér á landi frá árinu 2002 og hefur markaðshlutdeild milli fyrirtækja verið stöðug frá þeim tíma. Á Íslandi hefur Síminn verið útnefndur (2006) með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í farsímanetum samkvæmt nýjum fjarskiptalögum. Þá voru bæði Síminn (1999) og Og Vodafone (2003) áður útnefnd með umtalsverða markaðshlutdeild á farsíma markaði samkvæmt eldri fjarskiptalögum. Þeirri útnefningu fylgdi ekki aðgangskvöð fyrir sjálfstæða þjónustuaðila heldur einungis kvöð um reikiaðgang. Aðgangur og þátttaka sjálfstæðra þjónustuaðila á heildsölustigi er afar takmörkuð hér á landi í samanburði



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

við önnur Norðurlönd. Þau hafa öll, að frátöldu Finnlandi, þar sem heildsöluaðgangur var fyrir hendi, lagt á aðgangskvaðir á starfandi fyrirtæki til að greiða götu sjálfstæðra þjónustuaðila samkvæmt eldri fjarskiptalögum. Það hefur leitt af sér meiri samkeppni á farsímamarkaði. Því lagði Póst- og fjarskiptastofnun aðgangskvaðir á Símann í framhaldi af niðurstöðu markaðsgreiningar. Vonast er til þess að það verði til þess að fleiri þjónustuaðilar muni því geta boðið GSM þjónustu til almennings í framhaldi af því og eflt þar með samkeppni. Verð á farsímaþjónustu er hæst hér á landi og hefur farið hækkandi á undanförunum árum á meðan verð hafa farið lækkandi í öðrum Norðurlöndum á sama tíma. Þá hefur meðalnotkun farsíma á hvern notanda staðið í stað hér á landi í mínútum talið og heldur minnkað frá árinu 1999 á meðan meðalnotkun hefur verið vaxandi í öðrum Norðurlöndum. Útbreiðsla farsímaáskrifta eftir íbúafjölda hefur hins vegar þróast með sambærilegum hætti hér á landi og á öðrum Norðurlöndum frá árinu 1994 og er hún allstaðar um 100% í árslok 2005. Tekjur farsímafyrirtækja fara enn vaxandi á Norðurlöndunum milli ára en hægst hefur á vextinum á undanförunum árum líkt og í áskriftum þar sem metun er að eiga sér stað.

Megið samkeppnisvandamál á lúkningamarkaði (símtölsem eiga sér stað milli farsímakerfa fyrirtækja) er að fjarskiptafyrirtæki sem taka á móti símtölum úr öðru neti hafa tilhneigingu til að verðleggja óháð kostnaði þar sem það eru aðrir en þeirra eigin viðskiptavinir sem borga. Þannig eru allir netrekendur í raun með einokunarstöðu fyrir lúkningu símtala í eigin neti þar sem netrekandi einn getur veitt þessa þjónustu í tiltekið númer. Öll fjarskiptafyrirtæki á Norðurlöndunum með eigið starfandi fjarskiptanet hafa verið útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk að frátöldu IMC Ísland þar sem starfsemi fyrirtækisins er enn á frumstigi. Þá voru bæði Síminn og Og Vodafone útnefnd (2003) með umtalsverða markaðshlutdeild á samtengimarkaði samkvæmt eldri fjarskiptalögum. Símanum var gert skylt samkvæmt eldri fjarskiptalögum að lækka lúkningagjald sitt um 15% þann 1. júní 2003 og hefur það verið óbreytt síðan. Áður hafði lúkningaverð Símans lækkað í tvígang að eigin frumkvæði fyrst á árinu 2000 og aftur á árinu 2001. Lúkningaverð Og Vodafone og forvera þess (Tal og Íslandssíma) hefur verið nánast óbreytt frá stofnun 1998 en það var um 36% hærra en Símans í árslok 2005. Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á lúkningamarkaði hérlendis samkvæmt nýju lögum kveður á um verðlækkun og verðjöfnun lúkningagjalda milli farsímafélaga hér á landi. Verðið lækkar í 4 þrepum í krónur 7,49 þann 1. janúar 2008. Samanburður á lúkningaverði á Norðurlöndunum sýnir að það er næsthæst hér á landi en hæst í Danmörku og hefur sú staða verið við lýði undanfarin 4 ár. Þess má geta að Danmörk er eina landið af Norðurlöndunum þar sem ekki voru lagðar á neinar kvaðir á lúkningaverð fyrirtækja samkvæmt eldri fjarskiptalögum og skýrir að m.a. stöðu Dana í þeim samanburði.